



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1478  
komudagur 25.3.2002

Reykjavík, 19. mars 2002  
R02020174  
175  
GE/jb


Alþingi - Umhverfisnefnd

Þórshamri  
150 Reykjavík

***Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda - umsögn***

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn forstöðumanns Umhverfis- og heilbrigðisstofu frá 12. þ.m. um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:  
Forstöðumaður Umhverfis- og heilbrigðisstofu



Borgarráð  
Hjörleifur Kvaran  
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 12. mars 2002  
R02020174  
175

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda**

Vísað er til bréfs borgarlögmans, dags. 6. mars 2002, þar sem þess er óskað að Umhverfis- og heilbrigðisstofa veiti umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir við efni þess:

Almennar athugasemdir:

Umhverfis- og heilbrigðisstofa telur að fagna megi framkomnu frumvarpi er stefnir að því að skýra og skerpa á verkaskiptingu og ábyrgð á þessu sviði. Á það ekki síst við um aðgerðir við um aðgerðir við bráðamengun.

Hins vegar gerir stofan athugasemdir við þá stefnu, er birtist í frumvarpinu, að auka ábyrgð og beina þátttöku Hollustuverndar ríkisins í eftirliti. Er það þvert gegn anda laga nr. 7/1998 um hollusthætti og mengunarvarnir, þar sem hlutverk Hollustuverndar er skilgreint sem yfirumsjón og samræming en hún sinni ekki beinu eftirliti nema í undantekningartilvikum.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa vill ennfremur vara við þeirri nýbreytni, er kemur fram í frumvarpinu, að Hollustuvernd ríkisins fari ein með vald til þess að beita þvingunarúrræðum á grundvelli laganna. Þetta þýðir að þegar heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer með eftirlit geta fulltrúar þess ekki beitt þvingunarúrræðum á



vettvangi í tengslum við eftirlit. Það er eðli þvingunarúrræða, að þeim er einungis beitt þegar brýna nauðsyn ber til og oftast krefjast aðstæður þess að brugðist sé skjótt við. Það er mat Umhverfis- og heilbrigðisstofu, að verði eftirlit og þvingunarúrræði ekki á sömu hendi, muni það draga úr skilvirkni kerfisins til muna og bjóða heim aukinni hættu á mengun og skaðsemi af hennar völdum. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, og heilbrigðisfulltrúar í umboði þeirra, beita þvingunarúrræðum, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hafa viðamikla reynslu við beitingu þeirra. Ekki er ljóst hvort Hollustuvernd ríkisins býr að starfsfólki með slíka reynslu og þekkingu. Umhverfis- og heilbrigðisstofa dregur í efa að með slíkri verkaskiptingu verði hægt að tryggja nægilega skjót viðbrögð svo koma megi í veg fyrir mengun eða athöfnir sem skapa hættu fyrir hafið og strendur landsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

**3. gr.** Í skilgreiningu á eftirlitsaðilum vantar heilbrigðisfulltrúa, sbr. skyldur þeirra skv. 14. gr. frv.

**4. gr. 2. mgr.** Heimild til beitingar þvingunarúrræða: Heilbrigðisfulltrúi er falið eftirlit skv. 14. gr. frv. Umhverfis- og heilbrigðisstofa telur það grundvallaratriði að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, og heilbrigðisfulltrúar í umboði þeirra, hafi vald til þess að geta beitt þvingunarúrræðum á vettvangi þegar þeir fara með eftirlit. Sá aðili, sem sinnir eftirliti á vettvangi, verður að hafa tæki í höndunum til að grípa inn í mál á staðnum. Ótækt er að þurfa að kalla til fulltrúa Hollustuverndar ríkisins, þegar bráðamengun vofir yfir og nauðsynlegt reynist að grípa til skjótra úrræða. Athygli skal vakin á því að hér væri ekki um neitt framsal á valdi að ræða þar sem heilbrigðisfulltrúum er falin þessi heimild skv. l. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

**7. gr. 3. mgr.** Gert er ráð fyrir leyfi Hollustuverndar ríkisins til þeirra sem mega taka við olíuúrgangi. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita hins vegar leyfi til og hafa eftirlit með skipaviðgerðum. Ákvæðið býður því upp á tvöfalt eftirlit og tvöfalda leyfisútgáfu til þeirra aðila, sem sjá um viðhald og niðurrif skipa sbr. fylgiskjal 2 með reglug. nr. 785/1999 um starfsleyfi.

**13. gr.** Óljóst er af ákvæðinu hver beri kostnað af rekstri svæðisráða.

**14. gr.** Undir þessu ákvæði eru ýmsar skyldur lagðar á heilbrigðisfulltrúa. Ákvæði vantar í lögum um greiðslu kostnaðar, sem af þeim skyldum hljóttast.

**14. gr. 1. mgr. a.** Tilkynningar þurfa einnig að berast til heilbrigðisnefnda, sbr. b. lið 1. mgr. og 2. mgr. 14. gr.

**14. gr. 1. mgr. b.** Kveða þarf á um hver muni greiða kostnað af mati sem heilbrigðisfulltrúa er ætlað að framkvæma.

**14. gr. 2. mgr.** Kveða þarf á um hver muni greiða kostnað af eftirliti sem heilbrigðisfulltrúa er ætlað að framkvæma

**14. gr. 6. mgr.** Eðli máls samkvæmt, ættu heilbrigðisnefndir sveitarfélaga einnig að koma að þessari vinnu.



15. gr. 2. mgr. Eðlis málsins samkvæmt, ætti einnig að kveða á um samráð við heilbrigðisnefndir í þessu ákvæði.

21. gr. Gera verður ráð fyrir kostnaði heilbrigðisnefnda sbr. að framan. Bein heimild um innheimtu skv. gjaldskrár þeirra æskileg.

22. gr. Vísað er til athugasemda hér að framan varðandi fyrirkomulag þvingunarúrraða samkvæmt frumvarpi þessu. Umhverfis- og heilbrigðisstofa vill ennfremur vekja sérstaka athygli á ákvæði síðasta málsliðar 22. gr. þar sem kveðið er á um að Hollustuvernd ríkisins geti afturkallað starfsleyfi sem er gefið út af heilbrigðisnefnd sveitarfélaga. Stofan telur að þetta ákvæði geti ekki staðist þar sem einungis sá aðili sem gefið hefur út starfsleyfið getur numið það á brott.

Virðingarfyllst,

Elly K. J. Guðmundsdóttir  
forstöðumaður